

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 147/2015****2016/EES/69/18****frá 11. júní 2015****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 frá 20. september 2001 um ítarlegar reglur um að gera tilteknar upplýsingar aðgengilegar almenningi og um verndun upplýsinga sem lagðar eru fram samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 97/618/EB frá 29. júlí 1997 um vísindalega þætti og framsetningu upplýsinga sem eru nauðsynlegar til stuðnings umsóknum um setningu nýfæðis og innihaldsefna nýfæðis á markað og um gerð skýrslna um frummat samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn 38. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1829/2003 frá 22. september 2003 um erfðabreytt matvæli og fóður ⁽⁴⁾ en samkvæmt ákvæðum hennar er gerð breyting á reglugerð (EB) nr. 258/97.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við á eftir 95. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/391):
„96. **31997 R 0258**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1), eins og henni var breytt með:
 - **32003 R 1829**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1829/2003 frá 22. september 2003 (Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 1),
 - **32008 R 1332**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332/2008 frá 16. desember 2008 (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 7).

⁽¹⁾ Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtíð. EB L 253, 21.9.2001, bls. 17.

⁽³⁾ Stjtíð. EB L 253, 16.9.1997, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 1.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í 7. gr.:

„Þegar framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun um leyfisveitingu skulu EFTA-ríkin taka samsvarandi ákvörðun samtímis, þ.e. áður en 30 dagar eru liðnir frá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar. Senda ber sameiginlegu EES-nefndinni upplýsingar um slíkar ákvarðanir og skal hún birta þær reglulega í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins.

Komi til ágreinings milli sammingsaðila um framkvæmd þessara ákvæða gilda ákvæði VII. hluta sammingsins að breyttu breytanda.“

97. **32001 R 1852:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 frá 20. september 2001 um ítarlegar reglur um að gera tilteknar upplýsingar aðgengilegar almenningi og um verndun upplýsinga sem lagðar eru fram samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 (Stjtið. EB L 253, 21.9.2001, bls. 17).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 17. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2014/118/ESB) undir fyrirsögninni „GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF“:
- „18. **31997 H 0618:** Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 97/618/EB frá 29. júlí 1997 um vísindalega þætti og framsetningu upplýsinga sem eru nauðsynlegar til stuðnings umsóknum um setningu nýfæðis og innihaldsefna nýfæðis á markað og um gerð skýrslna um frummat samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 (Stjtið. EB L 253, 16.9.1997, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 258/97, (EB) nr. 1852/2001 og (EB) nr. 1829/2003 og tilmæla 97/618/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-sammingsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.